



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Gróttá tryggði sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratítul í sögu félagsins þegar liðið lagði Stjörnuna, 24:23 í æsispennandi fjórða úrslitaleik liðanna. Sjá nánar á bls. 14.

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



OPÍÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



**Slökkvitækja-
þjónustan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



græn heilsa
lífræn heilsuverslun
Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

Í ALFARALEIÐ



20 AÐALMÆLI
SÁÐRÖFVÉL
SÍÐSKOÐUN

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



**Hafðu bankann
með þér**


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Til hamingju stelpur

Sérstök ástæða er til þess að samfagna Gróttu með hinn þrefalda meistaratitil í kvennahandboltanum. Kvinnalið Gróttu náði á dögunum að verða Íslandsmeistari en hafði áður bæði náð deildar- og bikarmeistaratitli. Þetta sýnir það öflugra starf sem nú fer fram á meðal Gróttustúlkunnanna. Afraksturinn er árangur af einbeintni og erfiði þar sem aldrei er slegið slóku við. Til hamingju stelpur.

Fyrirtækin fara á brott

Fýrr í þessum mánuði flutti Íslandsbanki starfsstöð sína af Eiðistorginu út í Örfirsey. Með þeim flutningi hvarf síðasta bankaafgreiðslan af Seltjarnarnesi en áður hafði afgreiðsla Landsbankans verið flutt á brott og starfsstöð SPRON lokað þegar hann sameinaðist Arionbanka.

Með vaxandi tölvuvæðingu hafa bankaviðskipti breyst og mikið af því sem áður útheimti ferðir í afgreiðslustöð banka er nú leyst með heima-banka eða App-þjónustu á netinu. Þetta hefur bitnað á þeim Seltirningum sem þurfa á þjónustu starfsstöðva að halda ekki síður en öðrum.

En bankastofnanir eru ekki einu fyrirtækin sem horfið hafa af Seltjarnarnesi á undanförunum árum. Samkvæmt lauslegri talningu fylla þau að minnsta kosti tvo tugi. Sum hafa verið flutt út í Örfirsey, önnur á aðrar slóðir og starfsemi einhverra verið hætt án þess að annað hafi komið í staðinn.

Almenningssamgöngur eru í engum takti við þessa þróun. Engar beinar strætisvagnaferðir eru af Seltjarnarnesi í Örfirsey. Eins og staðan er í dag tekur um eða yfir hálf klukkustund að fara þá leið með strætisvagni. Slíkt er með öllu óviðunandi. Þetta ástand bitnar einkum á eldri fólki, einnig þeim sem minna hafa handa á milli og vinnur gegn hugmyndum um aðra samgöngumáta en einkabílinn.

Þegar yfir tveir tugi fyrirtækja hverfa úr liðlega 4.400 manna bæjarfélagi á ekki lengri tíma hlýtur fólk að vakna til umhugsunar. Er Seltjarnarnesbær að verða svefnbær þaðan sem íbúarnir sækja flesta þjónustu á einkabílnum til Reykjavíkur.

En eru einhver svör til við þessari þróun. Þau eru ekki augljós en spurning er um hvort og þá hvernig bæjaryfirvöld geta brugðist við þessu. Hugsjónamaður sagði fyrir nokkru að flytja þyrfti starfsstöð bæjarfélagsins – bæjarskrifstofunnar á Eiðistorgið miðbæ Seltirninga því þær drægju aðra þjónustu að vegna mannaferða. Hugsanlega gæti það verið snjall leikur en fleira þarf að koma til. Móta þarf stefnu sem hefur áhugavekjandi áhrif á fyrirtæki að staðsetja stöðvar sínar á Seltjarnarnesi.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



Fjölskylduhátíð í Gróttu á sumardaginn fyrsta

Um 600 manns sóttu Fjölskyldudaginn í Gróttu, sem að þessu sinni var fagnað á sumardaginn fyrsta. Gestir nutu veðurbliðunnar og alls þess besta sem Gróttan og dagskráin höfðu upp á að bjóða. Börnin sóttu smiðjur í flugdrekagerð og rannsóknunum úr sjávarríkinu, harmoníkuleikarinn Flemming Viðar Valmundsson lék undir berum himni, börnin léku sér í fjöruborðinu og tóku þátt í krakkajóga sem Guðbjörg frá Jógasetrinu stjórnaði.

Gestir nutu útsýnisins úr vitanum og tóku þátt í hljóð-dæmagetraun með náttúruhljóðum sem Hafdís Bjarnadóttir tónskáld sá um. Trúbadorinn Pétur Örn Guðmundsson lék og söng fyrir gesti í Albertsbúð. Brynja Grétarsdóttir hélt málverkasýningu í Fræðasetrinu og hægt var að skoða fiskibeinahönnun Róshildar Jónsdóttur í vitavarðarhúsinu þar sem einnig fór fram andlitsmálun, sem naut mikilla vinsælda og vöflusalán sló met að vanda. Hægt var að komast út í eyju frá ca. 13:00 en helgistund fór fram í Albertsbúð



á vegum sóknarnefndar Seltjarnarness. Umsjón með Gróttudeginum höfðu Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs og Kristín Arnþórsdóttir upplýsingafræðingur og menningarmiðlari á Bókasafni Seltjarnarness ásamt Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness.

Nesbíúinn



Til hamingju Gróttustelpur með frábært tímabil!

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

Við tökum vel á móti þér

Í **Landsbankanum í Vesturbæ** starfar samhentur hópur fólks sem veitir þér persónulega og faglega þjónustu með áherslu á lausnir sem henta hverjum og einum.

Góð yfirsýn í 360° ráðgjöf

Í 360° ráðgjöf er farið yfir fjármálin þín frá öllum hliðum, stöðuna og framtíðarmarkmið. Kynntu þér 360° ráðgjöf og pantaðu tíma á landsbankinn.is/360.

Betri þjónusta í Vesturbæ

Útibúið í Vesturbæ tekur mið af breyttum áherslum í bankaþjónustu með vandaðri ráðgjöf og rafrænum lausnum þar sem viðskiptavinir sinna sjálfir helstu bankaviðskiptum.





Íslandsbanki er eitt af mörgum fyrirtækjum sem flutt hafa af Nesinu á síðustu árum.

Allt að tveir tugir fyrirtækja farið á tveimur áratugum

Allt að tveir tugir fyrirtækja hafa flutt starfsemi sína af Seltjarnarnesi á undanförunum árum. Af þeim má nefna Íslandsbanka en útibúi hans á Eiðistorgi var lokað á dögnum og starfsemi flutt út á Fiskislóð í Örfirsey. Landsbankinn lokaði starfsstöð sinni á sínum tíma og þegar SPRON rann saman við Arionbanka var starfsstöðinni á Seltjarnarnesi lokað.

Bónus flutti einnig á sínum tíma af Hrólfskálamelnum í Örfirsey og Nesdekk og Aðalskoðun eru einnig horfin af Nesinu. Af öðrum fyrirtækjum sem horfið hafa af sjónarsviði Nesbúa má nefna verslunina Hjólið, Hlolla Bata, Gilla Grill, Söluturninn á Eiðistorgi, Tröllavideo, Nesval, Wilson Pizza, Pizzahöllina, Málningarbúðina á Austurströnd og Blómahúsið. Þessi listi er alls ekki tæmandi. Iðnfyrirtæki hafa horfið úr Byggðörðum vegna skipulags

svæðisins fyrir íbúðabyggingu og stöðugt eru laus verslunar- og þjónustupláss á Eiðistorgi. Efri hæði verslunar- og þjónustumiðstöðvarinnar mun vera nýtt sem stendur en nú eru tvö rúmgóð pláss laus á neðri hæðinni. Á sama tíma og verslunar- og þjónustusvæðið í Örfirsey hefur stöðugt vaxið hefur atvinnu- og þjónustustarfsemi verið að hverfa frá Seltjarnarnesi með tilheyrandi samdrætti í þjónustu og óhagræði fyrir íbúana. Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi Samfylkingar gerði þetta mál að umtalsefni á bæjarstjórnarfundum nýverið og skoraði einnig á fulltrúa Seltirninga í stjórn Strætó BS til að taka þetta mál upp á vettvangi stjórnar og bæta þannig grunnþjónustu við íbúa á Seltjarnarnesi en engar beinar ferðir almenningsganganga eru af Seltjarnarnesi út í Örfirsey.

Daníel Magnússon sýnir í Gallerí Gróttu



Daníel Magnússon myndlistarmaður opnaði sýninguna Perpetual Youth eða Eilíf æska í Gallerí Gróttu á Seltjarnarnesi miðvikudag, 13. maí sl. Á sýningunni eru ljósmyndaverk sem ekki hafa verið sýnd áður en þau eru frá tveimur síðustu árum og tekin að vetri til.

Í texta sem listamaðurinn hefur

tekið saman í tilefni af sýningunni segir m.a. að verkin séu í tilliti til stemningar sem liggur utangarðs. Þau séu öður til innibirtunnar sem uppistendur af flúorperu, ljósi og glóperum en dagsljós er víkjandi gert til að draga fram þá einustu vetrarbirtu sem borgarbúar njóta í híbýlum sínum á vetrarmánuðum. Sýningin stendur til 12. júní.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnur mist annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnisun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.







Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Óskum Gróttu til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn 2015





Veislan sér um veitingar í golfskálanum

Veislan á Seltjarnarnesi hefur tekið við rekstri veitingasölu golfskálans í Suðurnesi en það fyrirtæki hefur boðið frábærar veitingar um langt árabil. Mikið úrval af veitingum er í boði í golfskálanum þar sem opið er alla daga frá kl. 9:00 til 22:00 nema í þeim örfáu undantekningartilfellum þegar alls ekki viðrar til golfleiks.

Matseðillinn er fjölbreyttur og við allra hæfi. Alls kyns matur er

á hóllegu verði og fjölbreytt úrval drykkja. Útsýnið í Suðurnesinu kostar ekkert og þegar vel viðrar má njóta veitinganna úti á palli. Bæði er endurnærandi fyrir líkama og sál að bregða sér úr skarkala bæjarlífsins í hádegis- eða kvöldmat eða aðrar veitingar hjá Veislunni í golfskála út í Suðurnesi. Þangað eru allir alltaf hjartanlega velkomnir burt sé frá því hvort menn leika golf eða ekki.

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Fjör hefur verið í félagsstarfinu undanfarnar vikur. Slysavarnardeildin Varðan hélt spilakvöld í salnum á Skólabraut þriðjudaginn 14. apríl sem var mjög vel sótt, en deildin hefur í áraradír haldið þessum sið og sendum við okkar bestu þakki fyrir skemmtilega kvöldstund og frábærar veitingar.

Fimmtudaginn 16. apríl var svo komið að bingó og ástarpungum í golfskálanum, en þetta er skemmtileg tilbreyting sem mælist mjög vel fyrir og hefur verið ákaflega vel sótt. Sendum við okkar bestu kveðjur og þakklæti fyrir móttökur. Fimmtudaginn 30. apríl fögnuðum við svo vorkomunni með skemmtun í salnum á Skólabraut. Við borðuðum saman, sungum, dönsuðum og sprelluðum og allir höfðu gaman af.

Dagur eldri borgara er alltaf haldinn hátíðlegur á uppstigningardag, en þann sama dag opna eldri bæjarbúar sína árlegu handverkssýningu. Að þessu sinni bar daginn upp á 14. maí, en sýningin var opin fimmtudag, föstudag og endaði á laugardegi. Þriðjudaginn 19. maí var svo farið í „óvissuferð“, en félagsstarfið og kirkjan stóðu saman að þeirri ferð sem farin var á gamla varnaliðssvæðið og fleiri áhugaverða staði þar í kring.

Í sumar eins og undanfarin sumur koma til starfa hjá okkur ungmenni frá bæjarvinnunni og ungmennaráði. Verið er að leggja lokahönd á skipulagningu dagskrárinnar í sumar, en til stendur að halda úti öflugum starfi með skemmtilegu fólki. Sem dæmi má nefna tölvunámskeið, göngur, spil og boltaleiki ásamt fleiru. Þess má geta að vatnsleikfimin, jóga og kaffírókurinn verða á sínum stað og tíma í sumar nema annað verði tilkynnt.

Bingó verður í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 21. maí og félagsvist fimmtudaginn 4. júní. Allar upplýsingar um dagskrána almennt er að finna inni á seltjarnarnes.is, í dagbók Morgunblaðsins, og dagskrárblöð liggja frammi í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut. Einnig setjum við inn eftir afvikum upplýsingar á facebooksiðuna eldri borgara á seltjarnarnesi. Sumarferðin verður svo farin fimmtudaginn 25. júní. Til stendur að fara dagsferð í Þórsmörk. Allar nánari upplýsingar og skráning í ferðina er á Skólabraut eða hjá Kristínu í síma 893 9800.

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlög - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkahelimum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

3M Falleg gólf ehf. • Nesbala 25 • 170 Seltjarnarnes • golphopun@irnet.is • sími 581 4207 • GSM: 898 1107

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Eggs Benný
Morgunmatur, „inn“
Önd og vaffla
Súrdeigs „toast“ og serrano
French toast
Pönnukökur og ber
Ekta belgísk vaffla ...
... og margt fleira

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA



HELGAR REMEDÍAN

BRUNCH

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
FRÁ 11.45–14.00

APOTEK
KITCHEN + BAR

Austurstræti 16 // Sími 551 0011 // apotek.is



ULTRA



ÖRUGG VÖRN

LANGVIK SÓLARVÖRN PRÓUÐ FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ

Langvirk, vatnsheld vörn í sund, sjó og leik.
Ofnæmisprófuð með sérhæfðum sólarfilterum fyrir húð barna.
Börn elska mjúka froðuna sem auðveldar að bera á rétt magn.

Meðmæli húðlækna - Yfir 90% UVA vörn

Patentskráð uppfinning.
Proderm inniheldur engin paraben, ilmefni, litarefni eða nanóeindir.

www.celsus.is

Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Melabúðinni,
Fríhöfninni og Grænni heilsu.



Viðtal við Regínu Bjarnadóttur

Þar sem ljósapera getur bjargað barnslífum

Regína Bjarnadóttir þróunarhagfræðingur hefur starfað sem forstöðumaður greiningerdeildar Arion banka frá því í árslok 2013 en er nú að taka að sér nýtt starf sem framkvæmdastjóri þróunarverkefna fyrir Aurora velgerðarsjóðinn sem stofnaður var árið 2007. Hún er ekki ókunn þróunarmálum. Hún hefur áður starfað að þeim sem verkefnastjóri hjá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Guyana í Suður Ameríku. Regína er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi og Nesfréttir hittu hana að máli á dögunum.

„Ég er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi og framán af ævinni átti ég heima á Marbakka sem var sunnan á Nesinu vestan við bæjarmörkin að Reykjavík. Nú er búið að rífa það hús að ég best veit en þegar við fluttumst þaðan 1981 fór fjölskyldan á Barðaströndina þar sem ég bjó þar til ég fór að heiman. Í minningunni er tíminn á Nesinu frábær. Það var gott að alast þar upp. Á Marbakka var sjórinn á næsta leyti og reyndar ekki ýkja langt undan á Barðaströndinni. Viðbrigðin voru þannig ekki mikil – rokið var svipað þegar hvessti. Barðaströndin var fullbyggð þegar við komum þangað en það var stutt að fara upp í holtið og finna sér leik- og útiverusvæði. Krakkar höfðu mikið frelsi til útiveru og við nýttum okkur það vel. Þarna fór saman öruggt umhverfi, fjöldi krakka, jafnan var auðvelt að finna sér leiksvæði frá náttúrunar hendi og útivistartíminn gat verið nokkuð rúmur. Síðar þegar við vorum orðin stærri héldum við jafnaldrarnir talsvert hópinn fórum stundum nær öll – allur



Regína Bjarnadóttir þróunarhagfræðingur.

bekkurinn úr Való saman í bíó á föstudagskvöldum.“

Eins og að búa í litlu þorpi

Regína segir að búa á Seltjarnarnesi hafi verið eins og að búa í litlu þorpi. „Mikil samheldni var ríkjandi á meðal okkar krakkanna og ég held fólksins á Nesinu svona almennt. Tilfinningin fyrir því að

leyti á því að allir ganga í sama skóla og eru saman í íþróttum og tómsundastarfi.“

Fór í MH

„Skólagangan byrjaði í Skóla Ísaks Jónssonar þar sem ég var í fjóra vetur en eftir það fór ég hina hefðbundnu leið í Mýró og síðan í Való. Það var miklu hentugra því nálægðin er svo mikil á Nesinu að maður skokkaði bara á milli staða. Amma mín bjó í íbúðum fyrir eldra fólk sem eru á milli Mýró og Való þannig að ég var mikið hjá henni. Foreldrar mínir unnu bæði utan heimilis og því var enginn heima á daginn. Þá var gott að geta farið til ömmu. Ég spilaði líka handbolta með Gróttu og lærði um tíma á pianó. Þetta var allt á sama stað. Nei – ég fór ekki í MR eins og margir af Seltjarnarnesi heldur fór ég í MH. Fannst ég þurfa að gera þetta eitthvað öðruvísi. Við vorum fjórar úr árganginum mínum af Nesinu sem fórum í MH og við biðum í eina önn til þess að komast í Hamrahliðina því MR var hverfisskólinn fyrir Seltjarnarnes rétt eins og Vesturbæinn í Reykjavík. Ég lauk við MH og fór þá í hagfræðina. Þetta var þó ekki alveg samfellt hjá mér því ég því ég tók mér frí og fór til Indlands í eitt ár. Ég hafði farið þangað í útskriftarferð. Leist vel á mig og langaði að kynna landi og þjóð betur. Ég fór líka til Parísar í eitt ár – til þess að læra frönsku við Sorbonne en svo endaði ég í London þar sem ég lagði stund á þróunarhagfræði. Ég get ekki svarað því hvaðan þessi áhugi minn á fátækum þjóðum kemur í grunninn, en ég man eftir að hafa hugsað töluvert út í stöðuna í Afríku þegar hungursneyðar dundu

18 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



LIND
FASTEIGNASALA

þar á þegar ég var í barnaskóla og rætt þetta við hana ömmu mína. En ég hafði gaman af náminu og hef þróað með mér einhverskonar útþrá í þessa átt.“

Hagkerfi vanþróaðra landa

Regína segir að þróunarhagfræðin snúist einkum um hagkerfi vanþróaðra landa. Hvernig þau virki með það fyrir augum að hægt sé að þróa þau áfram til meiri vaxtar og betri lífskjara fyrir íbúa þeirra. „Ég lauk BS-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaraþráðu í þróunarhagfræði frá School of Oriental and African Studies árið 2000. Á árunum 2005 til 2007 starfaði ég við verkefnastjórnun hjá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Georgetown í Guyana á austurströnd Suður Ameríku og frá 2001 til 2005 hjá CRU Analysis og CRU Strategies í Lundúnum á Englandi sem hagfræðiráðgjafi á álsviði og síðar sem hagfræðisérfræðingur í orkumálum. Mannlífið í þessum löndum sem stundum eru kennd við þróun er oft um margt með öðrum hætti en við eigum að venjast. Í Guyana voru til dæmis ekki framleiddar neinar mjólkurvörur og því ekki til annað en G-mjólk í búðum. Eitt kaffihús var í borginni en engin bíó eða leikhús. Samfélagið líður fyrir að landið byggðist upp af nokkrum – einkum þremur þjóðarbrotum. Afkomendum þræla og þegar þrælahaldið var afnumið kom vinnuafl frá Indlandi og síðan eru frumbyggjarnir eða indíánarnir. Þessir hópar passa ekki alveg saman menningarlega séð og eiga í ýmsum erjum. Menntun er líka af skornum skammti. Fólk er þó almenn læst og háskóli er starfræktur í höfuðborginni. Flestir búa með fram strandlengjunni og starfa við hrísgrjóna- og sykkurrækt og þarna fékk ég bestu ávexti sem ég hef smakkað. En fátæktin er mikil og margir bíða eftir tækifæri til þess að komast í burtu.



Regína ásamt Elínu Kötlu dóttir sinni þar sem þær eru að borða kvöldmat í Hindumusteri þar sem borðað var af liljublöðum.

Að gera heiminn svolítið betri

Eftir heimkomuna fór ég til Seðlabanka Íslands þar sem ég starfaði einkum við greiningu á greiðslujöfnuði og erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins um sex ára skeið en að undanförunu hef ég veitt greiningardeild Arion banka forstöðu.“ En þróunarhagfræðin togar í og nú er Regína að láta af störfum hjá Arion banka og farin að hugsa til heitari landa á ný – að þessu sinni til Sierra Leone á vesturströnd Afríku. „Eftir hrúnið varð mikil breyting hér á landi og við vorum sjálf allt í einu komin í þá stöðu að þurfa á erlendri aðstoð að halda. En ég ætlaði mér þó ekki að festast í efnahagsmálunum hér heima þótt þessi breyting yrði og hið raunverulega þróunarstarf togar í mann. Það stendur mun nær því sem ég hef stúderað og þörfin er líka mikil fyrir svona starf. Kannski tekst manni að gera heiminn örlítið betri,“ segir Regína.

Ekki að flytja til Afríku

„Nei - ég er þó ekki að flytjast búferlum til Afríku. Ég ætla að

sinna þessu verkefni héðan að heiman eins og ég get en neita þó ekki að um margt væri þægilegra að búa t.d. í London einkum með tilliti til ferðalaga. En talandi um erlenda búsetu þá getur hún verið þroskandi fyrir fólk og ekki síður fyrir börn. Elsta dóttir okkar var með okkur í Guyana og á sínar minningar þaðan.“ Aðspurð kveðst Regína ekkert hafa skrifað frá þessum ferðalögum sínum og starfi á meðal framandi þjóða og reynslu af þeim. „Það er frekar að maðurinn minn sem er heimspekingur taki sér ritfæri í hönd. Hann hefur gaman af því að skrifa og dóttir okkar einnig. Hver veit hvað þau eiga eftir að segja frá þessu en ég hef haldið mig meira við Excelinn en ritvinnsluna.“

Þar sem ljósapera getur bjargað barnslífum

Talið berst aftur að Guyana og Regína segir landið eitt af fátækari ríkjum heims. Því hafi verið um áhugavert en einnig krefjandi verkefni að ræða. Hún segir að verkefni sitt hafi einkum verið að aðstoða við að byggja upp hagstofu landsins og einnig hafi hún unnið

að verkefnum sem miðuðu að kynna raforku í indíánaþorpunum, bæði sólarorku og litlar vatnsfalls virkjanir. „Það er þó nokkuð um straumharðar ár og vatnsföll í Guyana og með því að virkja vatnsaflíð er hægt að rafvæða sum indíánaþorp, þó yfirleitt sé það ekki nema til þess að bæta lýsinguna. Alla vega að ljósaperuvæða þorpin ef við getum orðað það svo. Landið er rétt norðan við miðbaug jarðar sem þýðir að þar er myrkur hálfan sólarhringinn allt árið um kring og það er því mikið heilbrigðismál fyrir íbúana ef hægt er að raflýsa helstu byggðir að einhverju leyti. Börn fæðast bæði á nóttu og degi og enn fara margar fæðingar í landinu fram í myrkri og við getum rétt ímyndað okkur hvernig er að fást við fæðingaraðstoð við þau skilyrði. Því getur ein ljósapera bjargað mörgum barnslífum. Því er ekki til lítills unnið.“

Fæðingarheimili í Sierra Leone

Regína segir að verkefni í Sierra Leone verði af öðrum meiði. Eitt af stóru verkefnum mínum þar verður að koma á fót nýju fæðingarheimili, en mæðradaudi og ungar-nadaudi er einn sá mesti í heimi í Sierra Leone. Ein af hverri 21 barnshafandi konu deyr af barnsförum. Nei – ég hef aldrei komið til Sierra Leone en mér skilst að þetta sé fallett land. Mannlífið þar hefur hins vegar þurft að þola margvíslega erfiðleika. Fyrir utan fátæktina hefur landið bæði farið í gegnum styrjöld og ebólufaraldur sem mér skilst að búið sé að ná tókum á. Ef ég á að horfa inn í framtíðina þá eru þetta draumaviðfangsefni mín og ég geri ekki ráð fyrir að snúa af þessari braut á ný. Ég ætla að vera hér en vinna við að tengja þessa tvo ólíku heima. Veiti börnunum mínum frelsi til þess að alast upp hér á landi en hafa einnig þessa tengingu út til þess sem stundum eru kölluð þróunarlönd eða þriðji heimurinn.“

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



iKort – greiðslukortið sem er ótengt bankakerfinu

iKort er alþjóðlegt Mastercard inneignar kreditkort. Að sögn Guðbjargar Daggar Snjólfsdóttur þjónustustjóra hjá iKort hefur kortið verið í umferð á Íslandi í á annað ár og fengið mjög góða viðtökur.

Hægt er að fá tvær gerðir af iKortum. Annars vegar ópersónugert iKort (iKort án nafns) og hins vegar persónugert iKort (iKort með nafni). Ópersónugerðu kortin eru tilbúin til afgreiðslu samstundis og um leið og búið er að virkja kortið er það tilbúið til notkunar. Persónugerðu kortin eru hefðbundnari útlits, með nafninu á. Persónugerðu kortin eru útbúin í London og það tekur að jafnaði um 10 virka daga að fá þannig kort. Einungis er um útlitsmun á kortunum að ræða, notkunarmöguleikarnir eru þeir sömu.

Kostir iKorts

Þú þarft ekki að vera með bankareikning. Þú getur fengið kortið strax og enginn annar en þú hefur aðgang að kortaupplýsingum þínum. Þú hefur góða yfirsýn yfir fjármálin og þarft ekki að hafa áhyggjur af kortareikningi um hver mánaðamót.

iKort fæst á Pósthúsum um allt land

Auðvelt er að sækja um iKort á www.ikort.is en auk þess er hægt að nálgast ópersónugerð kort á Pósthúsum um allt land. Á Pósthúsum er einnig hægt að hlaða peningum inn á kortið.



við MasterCard kortum á yfir 32 milljón stöðum um allan heim, allsstaðar þar sem þú sérð MasterCard merkið er hægt að nota iKort, þar með talið til í hraðbönkum og á netinu.

Helsti munurinn á iKorti og öðrum debet- og kreditkortum

iKort er endurhlaðanlegt alþjóðlegt rafeyriskort. Í hvert sinn sem iKort er notað er andvirði viðskiptanna dregið frá inneign kortsins. iKorti fylgir ekki yfirdráttur og því verður að hlaða kortið með nægri inneign áður en það er notað. Þannig er tryggt að þú eyðir ekki meiru en þú átt. Örgjörvinn í iKortum heldur alltaf utan um rétta stöðu.

Hægt er að nota iKort hvar sem er í heiminum

Hægt er að nota kortið hvar sem er erlendis. Tekið er

Hagkvæmt að senda peninga til vina og vandamanna erlendis

Kortið er einkar hentugt fyrir þá sem vilja senda peninga til vina og ættingja sem eru búsettir erlendis. Í staðinn fyrir að þurfa að millifæra af íslenskum bankareikningi inn á erlendan bankareikning er hægt að hlaða kortið beint í íslenskum heimabanka og peningurinn er kominn samstundis inn á kortið. Hefðbundnum millifærslum á milli landa fylgir kostnaður og eins tekur nokkra daga fyrir peninginn að berast. Hver sem er getur lagt inn á kortið og þegar iKort er hlaðið er ekki um neinn kostnað eða biðtíma að ræða.

Öll rúnstykkki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is



Mætum á völlum í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!



Fuglasöngur, fótabað & flot - 170 Seltjarnarnes!



SAMFESTINGURINN –
ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart.
Fyrir jóga & lífið.
Sterk, lífræn
og dásamleg
"Fair Trade" bómull.



FLJÓTTU & NJÓTTU
Í SUMAR!

FÁTT jafnast á við FLOT
í fallegri sumarnóttinni.
Flothetta & fótaflot:
17.700 kr.



EIGIN JÓGAMOTTA
er MÁLID!

MANDUKA eru
sannarlega Taj Mahal
jógadýnanna, 5. teg
og fylgihlutir.



Definitely worth a visit!
- Grapevine apríl 2015

SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK /
INDÍGÓKAFFI?

Eða má bjóða þér næringarríka gourmet
súrdeigssamloku, ÞEYTING, SKOT,
croissant, glútenlaust, "vegan",
chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu.
Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sunnlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

„Neshringurinn“

Þekktasta kennileiti Seltjarnarness í dag er „Neshringurinn“.

Þetta kennileiti er ígildi verðmæts vörumerkis þó það sé hvorki teiknað né skráð. Samt vita allir fyrir hvað það stendur: Hreyfingu, útveru, heilbrigði og ekki síst stórbrotna náttúru og frjáls afnot fyrir alla.

Stóran þátt í sköpun þessa verðmætis fyrir Nesbúa á Trimmklúbbur Seltjarnarness, sem er einkaframtak stofnað á félagslegum grunni og er öllum opin. Þær hundruðir þúsunda sem farið hafa „Neshringinn“ í kjölfar TKS bera hróður bæjarfélagsins vítt og breytt.

Náttúruupplifun og endurnæring

Á vetrum er tilkomumest fegurð á Suðurnesinu. Á dimmum dögum sjást Norðurljósin best af Svörtubökkum, en miðja Norðurljósabeltisins liggur hér yfir frá suðurodda Grænlands, suður um land og austur af því um Langanes. Á björtum dögum um veturinn skín hádegissólin lágt í suðri og endurspeglast í hafletinum eins og á jökulhjarni.

Á sumrin skartar náttúran öllu sem þrýðir norðlægar slóðir, lágvaxinn annesjagróður, fuglalíf, fjallasýn og einstakan sólargang. Alltaf er hafið nálægt og nú sýna rannsóknir að útivist og hreyfing í nálægð sjávar gefur bestan árangur og ekkert jafnast á við hvíld og endurnæringu sem fæst í óspilltri náttúru.

Heft aðgengi, óafturkræf spjöll

Það skýtur því skökku við að af 20 ha. landi í Suðurnesi skuli aðeins 10%, sem svarar til göngustígsins kringum Suðurnesið vera fyrir almenning, en 90% fyrir lokaðan einkaklúbb sem opin er örfáa mánuði ársins.

Landfyllingar til stækkunar golfvallarins sem eyða mundu fjörum sem njóta friðunar á náttúruminjaskrá, væru óafturkræf spjöll í hróplegri andstöðu við ímynd „Neshringsins“ um stórbrotna náttúru og frjálst aðgengi fyrir alia.

Birgir R. Jónsson

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

borgarblod@simnet.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

UMHVERFISHORNID



Lionsklúbbur Seltjarnarness hefur nýverið í samstarfi við umhverfisnefnd Seltjarnarness staðið fyrir endurmerkingum og viðhaldi nokkurra skilta. Alls hafa Lionsmenn staðið fyrir merkingum á 27 stöðum á Seltjarnarnesi. Í þetta sinn voru löguð 7 skilti. Á myndinni hér að ofan má sjá endurgert skilti á hringsjanni á Valhúshæð. Þökkum við þeim félögum kærlega fyrir þetta framtak þeirra.

Hreinsunardagur

var á Seltjarnarnesi 9. maí sl. Baldur Gunnlaugsson kynnti moltugerð, en Steinunn Árnadóttir gaf góð ráð varðandi garðyrkju. Á myndinni hér að ofan má sjá Baldur, Steinunni, bæjarstjórahjónin Kristján og Ásgerði, Guðmund Jón og Margréti Lind, en þau tvö síðastnefndu eru í umhverfisnefnd. Allt tilbúið fyrir kynningu og kaffiveitingar.



Molta er jarðvegur úr lífrænum úrgangi. Hún er mynduð með niðurbroti lífræns úrgangs við loftháðar aðstæður, þar sem hitakærar örverur melta úrganginn þannig að úr verður moldarkenndur massi. Hana er hægt að nýta sem jarðvegsbæti, til

landfyllinga eða jafnvel sem áburð. Fari hiti í jarðgerðarblöndunni yfir 70°C gerir það að verkum að skaðlegar bakteríur sem kunna að vera í úrganginum drepast. Seltjarnarnesbær mun helgina 29. – 31. maí bjóða bæjarbúum moltu til notkunar í gördum sínum. Moltan verður staðsett í gám við höfnina og mega bæjarbúar nálgast moltuna þar á meðan birgðir endast.

*F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.*



Elin Sigrún Jónsdóttir Framkvæmdastjóri Þorsteinn Elísson Útfararþjónusta Snævar Jón Andrésson Útfararþjónusta Hugrún Jónsdóttir Útfararþjóni Rósa Kristjánsdóttir Útfararþjóni

Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Guðmundur Baldvinsson Útfararþjónusta Jón G. Bjarnason Útfararþjónusta Ellert Ingason Útfræðisþjónusta Katta Þorsteinsdóttir Lögfræðisþjónusta Gestur Hreinsson Útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn



Íslandsmeistaratitlinum fagnað innilega.

Prefaldur meistari í kvannahandboltanum

Gróttu er Íslandsmeistari kvenna í handbolta eftir sigur á Stjörnunni 24 - 23 í Mýrinni í Garðabæ í fjórða leik liðanna í úrslitunum. Gróttu vann þar með einvígið 3-1 og landaði fyrsta Íslandsmeistaratitli félagsins í hópíþrótt frá upphafi.

Mikil spenna einkenndi leikinn og þegar 19 sekúndur voru eftir var staðan jöfn 23-23 og Kári Garðarsson þjálfari Gróttu tók leikhlé. Að því loknu stillti Gróttu upp í sókn sem lauk með skoti hinna 15 ára gömlu Lovísu Thompson. Lovísa skoraði sigurmarkið og tryggði Gróttu langþráðan Íslandsmeistaratitil. Stjörnukonur náðu forystunni í leiknum og komust mest fimm mörkum yfir í fyrri hálfleik en leiddu með þremur mörkum að honum loknum 13-10. Stjarnan náði aftur fimm marka forystu í upphafi síðari hálfleiksins en Gróttu saxaði fljótt á forskot Stjörnustelpnanna og jafnaði 23-23 rétt fyrir leikslok. Lokamínúturnar voru æsispennandi

og þegar Lovísa Thompson skoraði fyrir Gróttu þremur sekúndum fyrir leikslok og tryggði liðinu sigur 24-23 og þar með Íslandsmeistaratitlinn í höfn. Lovísa Thompson skoraði fjögur mörk fyrir Gróttu í leiknum líkt og Eva Björk Davídsdóttir en Anna Úrsúla Guðmundsdóttir gerði sjö mörk. Sólveig Lára Kjærsted var markahæst Stjörnukvenna með sjö mörk en Esther Viktoría Ragnarsdóttir var með fimm mörk. Gróttu er nú orðin þrefaldur meistari í kvannahandboltanum en var einnig orðin deildar- og bikarmeistari. Þess má geta að Lovísa Thompson fagnaði Íslandsmeistaratitlinum með páskaeggjum sem hún hafði geymt frá því um páskana eftir að hún skoraði sigurmarkið gegn Stjörnunni og tryggði Gróttu þar með Íslandsmeistaratitlinn. „Ég ákvað að geyma páskaeggjum þar til að úrslitakeppnin var búin,“ sagði Lovísa hún við fjölmiðla eftir leikinn.



Efri röð - Lið Gróttu í flokki 15-16 ára A varð í 4. sæti af tíu liðum: María Elísabet, Guðrún Soffía, Arnhildur og Katrín Viktoría.

Neðri röð - Bikarmeistarar FSÍ í flokki 15-16 ára B: Hrafnhildur Helga, Hanna Guðrún, Guðný Sif, Selma Björk og Þóra.

Bikarmót FSÍ í Stökkfimi var haldið helgina 11. til 12. apríl. Um fjögur hundruð keppendur frá þrettán félögum af öllu landinu tóku þátt í mótinu, þar af þrjátíu keppendur á aldrinum 11 til 16 ára frá Gróttu.

Gróttu varð bikarmeistari í flokki 15-16 ára B, í liðinu voru þær Guðný Sif Sverrisdóttir, Hanna Guðrún Sverrisdóttir, Hrafnhildur Helga Þórisdóttir, Selma Björk

Almarsdóttir og Þóra Lucrezia Bettaglio. Gróttu átti sjö lið á mótinu, auk bikarmeistaranna komust þrjú önnur Gróttulið á verðlaunapall. Þjálfarar Gróttu stúlkna eru þær Fanney Magnúsdóttir, Katrín Eyjólfssdóttir, Ólöf Línberg Kristjánsdóttir og Rósey Kristjánsdóttir. Við óskum þeim og öllum stúlkunum til hamingju með árangurinn.

Arnhildur með þrjú brons

Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttu keppti á Evrópumóti unglinga í kraftlyftingum sem fram fór í Ungverjalandi 9. apríl sl. Arnhildur átti frábæran dag og náði sér í þrenn bronsverðlaun í öllum greinum, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.

Hún var jafnframt hársbreidd frá bronsverðlaunum í samanlögðum árangri. Arnhildur bætti persónulegt met sitt um 32,5 kg og setti Íslandsmet í hnébeygju og í samanlögðu í opnum flokki þótt hún keppti enn í unglingsflokk. Þá setti hún unglingsmet í réttstöðulyftu. Hún lyfti 195 kg í hnébeygju, 110 kg í bekkpressu og 177,5 kg í réttstöðulyftu. Hún reyndi við 187,5 kg í réttstöðu en það munaði einungis nokkrum millimetrum á því að stöngin færi alla leið upp í þetta sinn. Arnhildur mun næst keppa á Íslandsmótinu í kraftlyftingum sem fram fer í lok maí og stefnir hún að sjálfsgöðu á sigur.



Óskum Gróttu til hamingju með Íslandsmeistaratitlinn 2015



Reykjavík Apótek



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170

Tölvunámskeið

Kæri Seltirningur,

Seltjarnarnesbær ætlar að halda tölvunámskeið fyrir 60 ára og eldri.

Á námskeiðinu verður kennt á forritið Word, fara inn á veraldarvefinn, senda tölvupóst og ýmislegt fleira sem gæti verið hentugt að kunna. Áhersla verður lögð á að þekking aukist svo að hægt sé að nota tölvuna sem afþreyingar- og samskiptataeki.

Í boði verða 3 grunnnámskeið, sem henta vel fyrir þá sem hafa litla sem enga reynslu af tölvum. Þau verða haldin:

- 8. til 18. júní
- 22. júní til 2. júlí
- 6. til 16. júlí

Einnig ætlum við að bjóða upp á eitt framhaldsnámskeið, sem hentar vel fyrir þá sem hafa náð góðum tókum á ofantöldum atriðum. Það verður haldið:

- 20. júlí til 30. júní

Hvert námskeið er 2 vikur í senn og er kennt frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 10 til 12.

Seltjarnarnesbær býður upp á þessi námskeið þér að kostnaðarlausu og er kennslan í höndum sumarstarfsmanna bæjarins.

Námskeiðin verða haldin í tölvuveri Myrarhúsaskóla.

Skráning fer fram í síma 5959-100 í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar.

Hlökkum til að sjá ykkur!
Leiðbeinendur tölvunámskeiðsins



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Árni Pétursson. Hann er fæddur á Seltjarnarnesi 1961. Fjölskylda hans hefur búið á Seltjarnarnesi frá 1881. Árni var í Gróttu á yngri árum í fótbolta, handbolta, körfu og borðtennis. Hann hefur verið viðloðandi knattspyrnudeild Gróttu síðastliðin 13 ár, og í stjórn Knattspyrnudeildarinnar síðustu 8 ár.

Fullt nafn? Árni Pétursson.

Fæðingard. og ár? 10. apríl 1961.

Starf? Rafvirki.

Farartæki? Renault Kangoo, klikkar ekki.

Helstu kostir? Sæmilegur kokkur, geri gott Irish coffee, góður að bóna bíla og hugsa eins og Rjúpa.

Eftirlætis matur? Kótleitur í raspi frá Kjarnafæði og Önd a la Árni P.

Eftirlætis tónlist? ELO, Rammstein, Queen, Boston, Kylie Minogue, Anastasia og Madonna s.s. alæta.

Eftirlætis íþróttamaður?

Pétur Theodór Arnason í meistaraff. Gróttu í fótbolta.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Núna er það Games of thrones og Suits.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Útkall þegar Suðurlandið sökk og Svalur og Valur og gormahreiddið.

Uppáhalds leikari? Clint Eastwood.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Grand Torino.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Starfa í kring um Gróttu, golf og fara á rjúpu.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Suðurnes á Seltjarnarnesi og Pingvellir.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Dugnað, heidarleika og húmor.

Hvern vildir þú helst hitta?

Charlee Sheen.

Uppáhalds vefsíða?

Vivaldi vafrinn.



Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? MacDonalds.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Brosa 😊

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Panta nýtt gervigras á fótboltavöllinn, opna Gróttu fyrir takmarkaðari gangandi umferð yfir sumarið, fuglum hefur fækkað í Gróttu síðan hún var friðuð. Opna tjaldstæði fyrir neðan Ráðagerði við erum eina sveitarfélagið sem býður gestum ekki upp á tjaldstæði. Nýta Nestúnið betur til útivistar t.d. setja þar upp lítinn golfvöll f. börn og heldri borgara, það þarf ekki að vera flókið. Fækka Mávum á varptíma, dauður Mávur borðar ekki unga.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Hjálpa til að koma Gróttu uppí Pepsídeild.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fara í útilegur með fjölskyldu og vinum, spila golf og aðstoða Gróttu.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is


Rauda ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Velkomin í nýtt útibú á Granda

Útibú Íslandsbanka við Lækjargötu og á Eiðistorgi hafa verið sameinuð í nýtt og glæsilegt útibú að Fiskislóð 10.

Pekking og reynsla

Kunnugleg andlit frá báðum útibúum taka á móti viðskiptavinum og nýjar sjálfsafgreiðsluvélar flýta fyrir afgreiðslu. Aðstaðan er öll hin glæsilegasta og alltaf heitt á könnunni.

Hraðbanki verður áfram staðsettur á Eiðistorgi og nálægt núverandi útibúi í miðbæ.

Nánari upplýsingar um útibúið og þjónustuna finnur þú á islandsbanki.is/grandi

Við bjóðum góða þjónustu á Granda.



Skemmtilegt svæði í örum vexti

Mikil uppbygging er á Grandasvæðinu í atvinnulífi, þjónustu og verslun. Mjög gott aðgengi verður fyrir viðskiptavini bankans og fjöldi bílastæða.